

þakklæti fundið til þeirrar hollustu og ástar til konungs og konungsættar, er ávarpið lýsir.

4
12. jan.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, vil jeg þjónustusamlega skora á yður að gjöra ofanskráð allrahæst svar kunnugt hlutaðeigendum.

Auglýsing

um póstmál.

5

Samkvæmt auglýsingu 3. maí 1872 og 9. grein auglýsingar um verkvið landshöfðingja 22. febr. 1875 hef jeg skipað svo fyrir að póstafræiðslan í Rangárvallasýslu skuli flutt frá Breiðabólstað í Fljótshlíð að Odda á Rangárvöllum.

Þetta auglýsist hjer með almenningi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 19. jan. 1889.

Magnús Stephensen.

Jón Jenson.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturamtinu um borgun fyrir athugasemdir á veðbrjef.

6
4. jan.

Með þóknanlegu brjefi 28. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer til úrlausnar erindi frá bæjarfógetanum í Reykjavík, þar sem hann beiðist leiðbeiningar amtsins og úrskurðar, út af því að landsbankastjórnin hefur neitað að greiða gjald í landssjóð fyrir athugasemdir er hann hefur gjört á 3 veðskuldabrijf til bankans, er þinglesin hafa verið á bæjarþingi Reykjavíkur, og hefur bankinn fært til þá ástæðu fyrir neitun sinni, að »öll hin umræddu veð (húseignir í Reykjavík) voru síðastliðið vor boðin upp til lúkningar hinum umræddu gömlu skuldum, sem þar með eru fallnar burtu« og hafi því verið þýðingarlaust að gjöra athugasemdirnar á hin nýju veðbrjef.

Fyrir því skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er yður samdóma um, að þar sem höpt þau á veðeignunum, sem athugasemdirnar ræða um, virðast enn vera óafmáð úr afsals- og veðmálalabókunum, og bæjarfógetanum ber eigi skylda til að afmá úr bókunum ex officio slík höpt, þó þau kunnir að vera fallin burtu við sölu á nauðungaruppboði, þá hafi það verið skylda bæjarfógetans að gjöra hinar umræddu athugasemdir og heimta gjald fyrir þær til landssjóðs samkvæmt 31. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til kirkjubyggingar o. fl.

7
12. jan.

Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá settum prófasti í Rangárvallaprófastsdæmi, sjera Kjartani Einarssyni í Holti, þar sem hann í fyrsta lagi fer fram á að jeg veiti sem fyrst leyfi til að kirkjan verði flutt frá Holti að jörðinni Ásólfskála, og í öðru lagi